



UMHVERFISSKÝRSLA

MEÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020

Breytt lega Axarveggar (veglína G) milli Háubrekku og Reiðeyrar,
staðsetning nýrra T-vegamáta Hringveggar (1) um Berufjarðarbotn og
staðsetning átta nýrra efnistökusvæða í landi Berufjarðar

12. ágúst 2013



Berufjarðarbotn - séð af Öxi

Ljós. Andrés Skúlason

TGJ

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 FAX 5627710 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS



UMHVERFISSKÝRSLA

MEÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020

Breytt lega Axarvegur (veglína G) milli Háubrekku og Reiðeyrar,
staðsetning nýrra T-vegamóta Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn og
staðsetning átta nýrra efnistökusvæða í landi Berufjarðar

12. ágúst 2013

Unnið fyrir Sveitarstjórn Djúpavogshrepps

TGJ

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 FAX 5627710 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

Efnisyfirlit

Samantekt	4
1. Forsendur, breyting, kynning og samráð.....	5
1.1 Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020	6
1.2 Kynning og samráðsaðilar	7
2. Tengsl við aðrar áætlanir	8
3. Grunnástand	8
3.1 Staðhættir og landslag	8
3.2 Gróðurfar	9
3.3 Fuglar	9
3.4 Hreindýr	9
3.5 Vatnalíf	9
3.6 Fornleifar	9
4. Umhverfismat	10
4.1 Helstu leiðir við gerð umhverfismats	10
4.2 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins.....	10
4.3 Umhverfisþættir og áhrif	11
4.4 Viðmið umhverfisáhrifa	12
4.5 Aðferð og framsetning.....	12
4.6 Mat á umhverfisáhrifum.....	13
4.6.1 Nýlagning vegar (veg lína G) og ný staðsetning vegamóta við Hringveg um Berufjarðarbotn ..	13
4.6.2 Efnistaka	16
4.6.3 Heildarniðurstaða.....	20
5. Greinargerð sveitarstjórnar skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006	21

Samantekt

Núverandi vegasamgöngur um Öxi eru óásættanlegar. Vegurinn er brattur, hlykkjóttur og hæðóttur malarvegur með einbreiðum brúm, sem uppfylla ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Í staðfestu Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er lega nýs Axarvegur sýnd norðan Berufjarðarár ásamt tengingu við Hringveg um Berufjarðarbotn. Vegagerðin lagði fram fjórar veglínur (A, C, E og F) sem voru metnar m.t.t. áhrifa á umhverfi. Skipulagsstofnun áleit að framkvæmdin, óháð vali á veglínu myndi hafa veruleg, neikvæð umhverfisáhrif. Til að koma til móts við álit Skipulagsstofnunar og óskir landeigenda á svæðinu, lagði Vegagerðin fram breytta veglínu (G), sem hún taldi að hefði minni neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Viðfangsefni þeirrar breytingar á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem hér er kynnt, er því veglína G milli Háubrekku og Reiðeyrar, staðsetning nýrra T-vegamóta Hringvegar um Berufjarðarbotn og staðsetning átta nýrra efnistökusvæða í landi Berufjarðar.

Á svæðinu er mikil fjölbreytni í landslagi, litrík fjöll, vel grónir hjallar með nokkuð háum og áberandi klettabeltum. Víða eru votlendi og tjarnir á hjöllunum. Á flatlendi neðst í Berufjarðardal ber landslagið svip af landbúnaði. Hvorki gróður né fuglalíf er talið einstakt á landsvísu. Einnig er fána vatnakerfanna talin fremur fábreytt og þéttleiki lítill. Fornleifar hafa verið skráðar á hluta framkvæmdasvæðisins.

Við mat á umhverfisáhrifum breytingarinnar var litið til áhrifa tveggja áhrifaþátta, þ.e. vegagerðar og efnistöku m.a. á landslag, jarðmyndanir, vistkerfi, gróðurfar, fugla, vatnalíf, þjóðminjar, samfélag, mengun og öryggi. Helstu niðurstöður matsins gera ráð fyrir að veglína G og efnistaka henni fylgjandi munu hafa töluverð neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir, raska votlendissvæðum að einhverju leyti, ásamt því að vatnalífi kann að stafa hættu af framkvæmdunum. Þá munu þjóðminjar raskast. Á móti er gert ráð fyrir að uppbygging Axarvegar hafi verulega jákvæð áhrif á samfélag og atvinnumál í Djúpavogshreppi vegna styttingar vegalengda. Umferðaröryggi mun aukast verulega og aðgengi til útivistar og ferðþjónustu eykst talsvert.

Til að takmarka neikvæð áhrif framkvæmdanna á landslag, jarðmyndanir og gróðurfar verða þær felldar sem best að landi, framkvæmdarsvæði takmarkað eins og kostur er og haft samráð við þar til bæra aðila. Áhersla verður lögð á að raska ekki búsvæðum fugla og viðvörunarmerkingar verða settar upp á stöðum sem hættu er á árekstrum við hreindýr. Sérstök aðgát verður viðhöfð að menga ekki ár og vötn og þess gætt að framkvæmdir raski ekki viðkvæmum vatnasvæðum. Þjóðminjar verða skráðar og merktar í samráði við þar til bæra aðila. Í samanburði við núllkost kemur fram að veglína G mun hafa minni neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en efnistaka og efnisþörf verður þó nokkru meiri.


Sé litið til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um eflingu byggðar, atvinnu og öryggis er uppbygging Axarvegar lífsnauðsynleg og því mikilvægt að þeir áhrifaþættir sem teknir eru fyrir í skýrslu þessari komist til framkvæmda. Óhjákvæmilegt er að framkvæmdirnar hafi neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en niðurstaða þessa mats sýnir að breytingin sé til þess fallin að draga úr þeim áhrifum að nokkru leyti.

1. Forsendur, breyting, kynning og samráð

Núverandi vegasamgöngur um Öxi eru óásættanlegar. Axarvegur er brattur, hlykkjóttur og hæðóttur malarvegur með einbreiðum brúm, sem uppfylla ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Þá er honum aðeins haldið opnum að sumarlagi.

Í greinargerð Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020 segir eftirfarandi í kafla 5.13.1 Vegir: „Þar sem hvorki reglubundnar flug- eða skipasamgöngur eru fyrir hendi í sveitarfélaginu treysta íbúar nær alfarið á góðar vegasamgöngur. Í ljósi þess og þeirrar fyrirsjáanlegu aukningar á umferð um Djúpavogshrepp er nauðsynlegt að lögð verði áhersla á að gæði og öryggi vega á svæðinu aukist. Í [aðalskipulaginu] er gert ráð fyrir uppbyggingu heilsársvegar (stofnvegur) um Öxi (Axarvegur) frá botni Berufjarðar að Hringvegi (1) í Skriðdal, þannig að umferð um veginn verði tryggð með öruggum hætti allan ársins hring. Hér er um að ræða gríðarlega samgöngubót fyrir sveitarfélagið, þar sem leiðin um Öxi styttr vegalengdina frá Djúpavogi til Egilsstaða um 61 km úr 146 km í 85 km ef miðað er við akstur um Breiðdalsheiði, en um 71 km ef ekið er um firði.“ Gera má ráð fyrir að bættar samgöngur um Öxi árið um kring hafi veruleg jákvæð áhrif á samfélagið á Austurlandi.

Í staðfestu Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er lega nýs Axarvegur sýnd norðan við Berufjarðará ásamt T-vegamótum við Hringveg um Berufjarðarbotn (sjá Kort 1¹). Framkvæmdirnar falla undir 5. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir á Hringveginum falla undir 6. gr. sömu laga, þ.e. framkvæmdir þar sem kanna þarf matsskyldu.



Kort 1. Staðfest Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020.

Í samráði við Skipulagsstofnun tók Vegagerðin ákvörðun um að meta umhverfisáhrif Axarvegur, Hringvegur í Skriðdal og Hringvegur um Berufjarðarbotn samtímis, jafnvel þó framkvæmdirnar geti verið óháðar hver annarri. Í mars 2011 lagði Vegagerðin fram fjóra kosti í matskýrslu², þ.e. veglínu A³ sem sýnd er á staðfestum aðalskipulagsupprætti, og veglínur C, E og F sem liggja út frá veglínu A á mismunandi stöðum í Berufirði. Allar veglínurnar gera ráð fyrir Axarvegi sem ráðandi vegi og að núverandi Hringvegur um

¹ Á kortinu er lega á núverandi vegi um Öxi (græn brotalína) uppfærð til samræmis við ábendingar frá Vegagerðinni.

² Helga Aðalgeirsdóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matskýrsla. Vegagerðin, mars 2011.

³ Tillaga Vegagerðarinnar frá janúar 2008 um Axarveg og mögulega færslu á Hringvegi (1) um Berufjarðarbotn.

Berufjarðarbotn tengist honum með T-vegamótum. Helstu niðurstöður álits Skipulagsstofnunar, dags. 15. apríl 2011, voru að framkvæmdin, óháð því hvaða veglína yrði fyrir valinu, myndi hafa veruleg, neikvæð áhrif á landslag vegna umfangs vegarins og óafturkræfni áhrifanna. Ennfremur komu fram óskir landeigenda í Berufirði um færslu veglínu nýs Axarvegar suður yfir Berufjarðará.

Í febrúar 2013 lagði Vegagerðin fram breytta veglínu, þ.e. veglínu G⁴, sem viðbót við fyrra mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða breytingu á veglínu Axarvegar á um 8,2 km löngum kafla um land Berufjarðar í Berufjarðardal milli Háubrekku og Reiðeyrar, þar sem Axarvegur er ráðandi vegur. Fram kom að Vegagerðin teldi veglínu G hafa minni umhverfisáhrif í Berufjarðardal en þær veglínur sem þegar höfðu verið lagðar fram í matsskýrslu. Niðurstaða álits Skipulagsstofnunar, dags. 20. mars 2013, var sú að áhrif veglínu G á landslag í Berufjarðardal væru sambærileg og áhrif þeirra veglína sem áður hefði verið fjallað um í fyrra mati og því myndi ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum veglínu G engu bæta þar við. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti veglínu G og framlögð gögn henni viðkomandi á fundi 21. mars 2013⁵ og fagnaði jafnframt að tekist hefði að milda umhverfisáhrif með færslu vegarins.

1.1 Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020

Gildandi Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 var staðfest af umhverfisráðherra 24. febrúar 2010. Viðfangsefni þeirrar tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi sem hér er til umræðu, er breytt lega Axarvegar milli Háubrekku og Reiðeyrar, staðsetning nýrra T-vegamáta við Hringveg um Berufjarðarbotn⁶ og staðsetning átta nýrra efnistökusvæða⁷ í landi Berufjarðar (sjá Kort 2). Uppdráttur sem fylgir breytingartillögunni, dags. 20. maí 2013, sýnir:

1. Gildandi Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 fyrir breytingu, þ.e. ráðandi veglínu Axarvegar (veglínu A), T-vegamót Hringvegar um Berufjarðarbotn við hana og efnistökusvæði.
2. Tillögu að breytttri legu á 8,2 km löngum kafla Axarvegar milli Háubrekku og Reiðeyrar (veglínu G), staðsetningu nýrra T-vegamáta Hringvegar (1) um Berufjarðarbotn, staðsetningu átta nýrra efnistökusvæða í landi Berufjarðar ásamt uppfærðri staðsetningu og stærð fimm efnistökusvæða sem þegar er að finna í gildandi aðalskipulagi⁸.


⁴ Sóley Jónasdóttir og Helga Aðalgeirsdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn: Breytt lega Axarvegar milli Háubrekku og Reiðeyrar. Kynning framkvæmda vegna könnunar á matsskyldu. Vegagerðin, febrúar 2013.

⁵ Sjá fundargerð 35. fundar sveitarstjórnar Djúpavogshrepps: <http://www.djupivogur.is/adalvefur/?id=30827>.

⁶ Vegagerðin. Hringvegur um Berufjarðarbotn. Tenging Hringvegar og Axarvegar. Yfirlitsmynd (teikn. nr. Z004 útg. F1). Dags. 14. desember 2012. Unnið af Mannviti verkfræðistofu.

⁷ Sóley Jónasdóttir og Helga Aðalgeirsdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn: Breytt lega Axarvegar milli Háubrekku og Reiðeyrar. Kynning framkvæmda vegna könnunar á matsskyldu. Vegagerðin, febrúar 2013.

⁸ Staðsetning og stærð efnistökusvæðanna var uppfærð til samræmis við upplýsingar frá Vegagerðinni. Tölvupóstur frá Hafðísi Eyglóu Jónsdóttur dags. 11. júlí 2013.



Kort 2. Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020: Veglína G (rauð lína) milli Háubrekku og Reiðeyrar, staðsetning nýrra T-vegamáta Hringvegjar um Berufjarðarbotn (blár punktur) og átta ný efnistökusvæði.

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en þar segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“ Fjallar umhverfismat vegna breytingarinnar um að greina frá áhrifum hennar í samburði við þá stefnu sem mörkuð er í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þessi umhverfisskýrsla er unnin samkvæmt 6. gr. laganna og fylgir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, dags. 20. maí 2013.

Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanatöku um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matsskýrslu sé að finna röksemdafærslu sveitarstjórnar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

1.2 Kynning og samráðsaðilar

Borgarafundur vegna breytingar á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 var auglýstur á heimasíðu Djúpavogshrepps og fundarboð sent inn á hvert heimili í sveitarfélaginu. Fundurinn var haldinn á Hótel Framtíð á Djúpavogi 30. maí 2013 og hann sóttu um 40 manns. Fulltrúi TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur kynnti og lagði fram lýsingu á breytingunni. Veittur var frestur til og með 10. júní 2013 til að skila ábendingum við lýsinguna og lágu gögn frammi á skrifstofu sveitarfélagsins auk þess að vera aðgengileg á heimasíðu þess. Engar ábendingar bárust. Í framhaldi fól sveitarstjórn á fundi 25. júní 2013 sveitarstjóra að senda lýsinguna til umsagnar til eftirfarandi stofnana og var hún send þeim 26. júní 2013:

- Skipulagsstofnun. Umsögn barst 27. júní 2013.
- Umhverfisstofnun. Umsögn barst ekki.
- Vegagerðin. Umsögn barst 16. júlí 2013.
- veiðimálastofnun. Umsögn barst ekki.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu og að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar hennar á fundi __. ágúst 2013. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu var svo kynnt í Dagskránni og Fréttablaðinu __. ágúst 2013.

Helstu áfangar og tímasetningar skipulagsvinnunnar koma fram í töflu 1:

Tafla 1. Helstu áfangar og tímasetningar skipulagsvinnunnar

Verkþáttur	Dags.
Aðalskipulagsbreyting ásamt umhverfisskýrslu skilað til sveitarstjórnar til samþykktar	12. ágúst 2013
Aðalskipulagsbreyting ásamt umhverfisskýrslu kynnt í fjölmiðlum	15. ágúst 2013*
Óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar	19. ágúst 2013*
Lögbundninn 6 vikna auglýsingafrestur hefst	28. ágúst 2013*
Lögbundnum 6 vikna auglýsingafresti lýkur	9. okt. 2013*
Endanleg samþykkt sveitarstjórnar / staðfesting Skipulagsstofnunar	20. okt. 2013*

* Áætluð tímasetning

Þar sem hér er um breytingu á aðalskipulagi að ræða er framkvæmdin, bæði vegagerð og efnistaka, háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010. Við umsókn um framkvæmdaleyfi þurfa gögn um efnistöku í tengslum við framkvæmdina að vera í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og 4.3.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

2. Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir en Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Þá er breytingin í samræmi við þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011 - 2022 en fjárveiting fyrir hluta Axarvegur er áætluð á 3. tímabili áætlunarinnar.

3. Grunnástand

3.1 Staðhættir og landslag

Berufjörður er nyrsti fjörður Djúpavogshrepps. Við sunnanverðan Berufjörð getur að líta eitt tignarlegasta og formfegursta fjall Íslands, Búlandstind (1069 m), hið hæsta sem rís beint úr sjó við Íslandsstrendur. Norðan við fjörðinn er fjallasýnin litrík, prýdd hvössum og fögrum eggjum og ríolítinnskot eru áberandi. Náttúrustofa Austurlands mat landslagið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í tengslum við umhverfismat Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn.

Í matsskýrslu kemur fram að mikil fjölbreytni sé í landslagi á svæðinu, litrík fjöll, vel grónir hjallar með nokkuð háum og áberandi klettabeltum. Víða eru votlendi og tjarnir á hjöllumum. Á flatlendi neðst í Berufjarðardal ber landslagið svip af landbúnaði. Í brekkum norðan Berufjarðarar er kjarr en svæðið sunnan ár er lítið raskað að stórum hluta nema votlendi hefur verið ræst fram. Vegur hefur legið um þetta svæði til margra ára með síaukinni umferð. Þá liggur háspennulína Landsnets, Teigarhornslína, um sunnanverðan Berufjarðardal. Engu að síður myndar landslag svæðisins nokkuð samfellda heild, sem tengist heiðum og fjalllendi á báða bóga.

3.2 Gróðurfar

Náttúrustofa Austurlands gerði rannsókn á gróðurfari í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Axarveggar (939), Hringveggar (1) í Skriðdal og Hringveggar (1) um Berufjarðarbotn. Í skýrslu Náttúrustofunnar um gróðurfar kemur fram að algengur gróður í brekkum neðan Háubrekku er lyngmói með aðalbláberjalyngi, síðan tekur við mosagróður, lyng og grasbrekkur. Neðar í brekkunum eru klettastallar með mosagróðri fremst á klettum, en votlendi innst á hjöllumum.

Sunnan Berufjarðará er framræst mýri. Neðan Hemru á Beitivöllum er graslendi með sefmóum inn á milli og votlendi á jöðrum. Í hlíðum Berufjarðardals er norðanmegin lágvaxið kjarr áberandi með mýrasundum, giljum og flögum á milli. Neðan þess tekur við ræktað land. Að sunnanverðu er graslendi og sefmói nokkuð áberandi ásamt mosagróðri, en mýrarræmur á milli og lyngblettir í lautum.

3.3 Fuglar

Sumarið 2008 gerði Náttúrustofa Austurlands úttekt á fuglalífi í tengslum við umhverfismat Axarveggar (939), Hringveggar (1) í Skriðdal og Hringveggar (1) um Berufjarðarbotn. Skráðar voru alls 38 fuglategundir og helstu niðurstöður bentu til þess að fuglalíf á áhrifasvæði Axarveggar væri ekki einstakt á landsvísu.

3.4 Hreindýr

Náttúrustofa Austurlands gerði úttekt á hreindýrum í tengslum við umhverfismat Axarveggar (939), Hringveggar (1) í Skriðdal og Hringveggar (1) um Berufjarðarbotn. Kom þar fram að þó þekkt væri að hreindýr beri í nágrenni vegarins er það einungis tilfallandi og þá einkum í hörðum vorum og þá neðan heiðarinnar.


3.5 Vatnalíf

Veiðimálastofnun kannaði vatnalíf í tengslum við umhverfismat Axarveggar (939), Hringveggar (1) í Skriðdal og Hringveggar (1) um Berufjarðarbotn. M.a. kemur fram að fána vatnakerfanna sé fremur fábreytt og þéttleiki sé lítill. Berufjarðará er dæmigerð dragá, sem einkennist af miklum árstíðabundnum rennlissveiflum. Hún rennur um blágrýtishluta Austurlands og er því talin fremur næringarefnasnauð. Berufjarðará er fiskgeng frá sjó um 3 km inn í land að Ástufossi á móts við býlið Melshorn. Einungis hefur fundist þar bleikja og er talið að það sé fyrst og fremst sjóbleikja. Í ljósi þess hversu takmarkaður hluti árinna er fiskgengur er verndargildi þess svæðis hátt sökum mikilvægis þess fyrir bleikjustofn árinna. Þá er neðsti hluti Berufjarðará mikilvægur sem hrygningarsvæði bleikju.

3.6 Fornleifar

Fornleifastofnun Íslands sá um skráningu fornleifa í tengslum við umhverfismat Axarveggar (939), Hringveggar (1) í Skriðdal og Hringveggar (1) um Berufjarðarbotn og voru fornleifar skráðar innan hins skilgreinda rannsóknarsvæðis. Tekið skal fram að veglína G liggur utan

rannsóknarsvæðis á tæplega 600 m kafla í grennd við Árnhus (sjá mynd 3) en á þeim kafla hafa fornleifar ekki verið skráðar. Innan rannsóknarsvæðisins reyndust vera 8 fornleifar í minna en 100 m fjarlægð frá miðju veglínu G.



Mynd 3. Veglína G á þeim kafla sem hún vikur út fyrir rannsóknarsvæði Fornleifastofnunar Íslands (innan ramma) Rannsóknarsvæðið er afmarkað með svartri punktalínu. Birt með leyfi Vegagerðarinnar.

4. Umhverfismat

Umhverfismatið þetta sem fylgir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, dags. 20. maí 2013 og fer hér á eftir er vegna breytinga á lagningu um 8,2 km langrar veglínu (veglínu G⁹) um land Berufjarðar um Berufjarðardal milli Háubrekku og Reiðeyrar, staðsetningar nýrra T-vegamóta Hringvegur um Berufjarðarbotn¹⁰ og staðsetningar átta nýrra efnistökusvæða í landi Berufjarðar.

4.1 Helstu leiðir við gerð umhverfismats

Sú aðferðafræði sem notuð var við gerð umhverfismatsins var eftirfarandi:

- Umhverfisvísar voru valdir með hliðsjón af Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, framlögðum skýrslum Vegagerðinnar varðandi uppbyggingu Axarvegur og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.
- Farið var yfir breytingar og þær metnar með tilliti til umhverfisvísanna.

4.2 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins

Í umhverfismatinu er gerð grein fyrir áhrifum þeirrar aðalskipulagsbreytingar sem hér er til umfjöllunar á umhverfisþætti. Áhrifaþættirnir eru eftirfarandi:

- *Vegagerð.* Breytt veglína um Öxi (veglína G) og staðsetning nýrra T-vegamóta Hringvegur um Berufjarðarbotn. Áhrif breytingarinnar eru metin, settar eru fram mótvægisáðgerðir og áhrif núllkosta metin.

⁹ Sóley Jónasdóttir og Helga Aðalgeirsdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn: Breytt lega Axarvegur milli Háubrekku og Reiðeyrar. Kynning framkvæmda vegna könnunar á matsskyldu. Vegagerðin, febrúar 2013.

¹⁰ Vegagerðin. Hringvegur um Berufjarðarbotn. Tenging Hringvegur og Axarvegur. Yfirlitsmynd (teikn. nr. Z004 útg. F1). Dags. 14. desember 2012. Unnið af Mannviti verkfræðistofu.

- *Efnistaka*. Breytingin gerir ráð fyrir átta nýjum efnistökusvæðum. Fram kemur í kynningu á veglínu G að efnistökusvæði hafi ekki verið endurskoðuð frá því sem sett var fram í matsskýrslu og ítarlegri rannsóknir muni fara fram síðar meir. Áhrif efnistöku eru metin, mótvægisáðgerðir settar fram og samanburður á efnistöku og efnisþörf veglínu G og núllkosta settur fram.

4.3 Umhverfisþættir og áhrif

Þeir umhverfisþættir sem liggja til grundvallar umhverfismati vegna breytingar á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 byggja á eftirtöldum umhverfisþáttum sem lýst er í 3. kafla:

- Landslag og jarðmyndanir
- Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði
- Gróðurfar
- Fuglar og hreindýr
- Vatnalíf og fiskistofnar
- Þjóðminjar
- Samfélag og atvinnulíf
- Útivist og ferðaþjónusta
- Samgöngur
- Mengun
- Heilsa og öryggi
- Önnur landnotkun

Ofangreindir þættir eru taldir upp hér vegna áhrifa sem þeir eru taldir verða fyrir af völdum fyrirhugaðrar breytingar. Við mat á áhrifum var stuðst við mat Náttúrustofu Austurlands á áhrifum á náttúrufar og dýralíf, Veiðimálastofnunar á vatnalíf og Fornleifastofnunar Íslands á fornleifaskráningu. Einnig voru matskýrsla¹¹ og kynning Vegagerðarinnar á veglínu G¹² notaðar við matið.

¹¹ Helga Aðalgeirsdóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matskýrsla. Vegagerðin, mars 2011.

¹² Sóley Jónasdóttir og Helga Aðalgeirsdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn: Breytt lega Axarvegur milli Háubrekku og Reiðeyrar. Kynning framkvæmda vegna könnunar á matsskyldu. Vegagerðin, febrúar 2013.

4.4 Viðmið umhverfisáhrifa

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggðu á eftirfarandi þáttum:

- Viðmiðum í íslenskum lögum og reglugerðum, stefnumörkun íslenskra stjórnvalda og skuldbindingu Íslands á alþjóðavísu.
- Greiningu sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti á framkvæmdasvæði.
- Umsögnum og athugasemdum lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem liggja fyrir.

Við mat á umhverfisáhrifum var unnið eftir lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Ennfremur var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu og um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

4.5 Aðferð og framsetning

Umhverfismat þetta var unnið á þann hátt að gerðar voru venslatöflur, þar sem fram koma umhverfisþættir, möguleg áhrif á þá eru skilgreind og þeim gefin einkunn sbr. eftirfarandi:

+	Aðalskipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
0	Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki teljandi áhrif á á viðkomandi umhverfisþátt
-	Aðalskipulagsbreytingin hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
?	Aðalskipulagsbreytingin hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfisþátt

Til að vega á móti þeim neikvæðu áhrifum, sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft á umhverfisþætti getur komið til mótvægisáðgerða þar sem því verður við komið. Lagðar eru fram tillögur að mótvægisáðgerðum eftir að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda hafa verið metin.

Lagning veglínu G er borin saman við núllkost sem er í umhverfismati þessu sú veglína sem kemur fram í staðfestu aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, þ.e. veglína A skv. matsskýrslu. Þar sem efnistökusvæði hafa ekki verið endurskoðuð, í tengslum við veglínu G, frá því sem lagt var fram í matsskýrslu er engum núllkosti til að dreifa við samanburð á veglínunum.

4.6 Mat á umhverfisáhrifum

4.6.1 Nýlagning vegar (veglína G) og ný staðsetning vegamóta við Hringveg um Berufjarðarbotn

Útfærsla á veglínu G liggur fyrir í öllum meginatriðum af hálfu Vegagerðarinnar og eru í töflu 3 sýnd áhrif framkvæmdarinnar, í töflu 4 eru tillögur að mótvægisáðgerðum kynntar og í töflu 5 er núllkostur tíundaður.

Tafla 3. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna lagningar veglínu G um Öxi og staðsetningar nýrra T-vegamóta Hringvegur um Berufjarðarbotn.

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag, jarðmyndanir og sjónræn áhrif	Framkvæmdin mun hafa töluverð staðbundin áhrif á landslag og jarðmyndanir í Berufjarðardal. Framkvæmdin mun hafa töluverð sjónræn áhrif í för með sér.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin geti haft áhrif á vistkerfi í Berufjarðardal.	-
Gróðurfar	Framkvæmdin hefur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar og mun að litlu leyti raska votlendissvæðum (<3 ha). Votlendissvæðunum hefur þegar verið raskað að stórum hluta.	-
Fuglar og hreindýr	Framkvæmdin mun hafa nokkur áhrif á fuglalíf í Berufjarðardal. Dýralíf gæti orðið fyrir minniháttar áhrifum vegna vaxandi umferðar vegna aukinnar árekstrarhættu.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á vatnalíf og fiskistofna.	- / 0
Þjóðminjar	Framkvæmdin mun hafa minniháttar áhrif á þjóðminjar. En Varða (SM-215:069) sem lendir í miðlínu veglínu mun raskast.	-
Samfélag og atvinnulíf	Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á ræktarlönd og nokkur áhrif á beitarlönd bæja í Berufjarðardal. Framkvæmdin er hluti af miklum samgöngubótum sem ljóst er að munu hafa mjög jákvæð áhrif á samfélag, s.s. vöxt á sviði þjónustu og atvinnu auk fjölgunar íbúa.	0 / +
Útivist og ferðaþjónusta	Þar sem framkvæmdin bætir aðgengi að svæðinu verulega má gera ráð fyrir talsverðum jákvæðum áhrifum á sviði útivistar og ferðaþjónustu. Framkvæmdin gæti haft nokkur áhrif á náttúruupplifun.	- / +
Samgöngur	Framkvæmdin mun bæta samgöngur mjög mikið .	+
Mengun	Framkvæmdin mun mögulega auka hávaða vegna aukinnar umferðar.	?
Heilsa og öryggi	Framkvæmdin mun bæta öryggi vegfarenda mjög mikið.	+
Önnur landnotkun	Framkvæmdin fer um landbúnaðarsvæði og kemur hún í veg fyrir aðra landnotkun.	+
Markmið sveitarstjórnar	Framkvæmdin fellur mjög vel að markmiðum sveitarstjórnar um uppbyggingu Axarvegur sem leiðir af sér betri tengsl svæðisins við miðsvæði Austurlands vegna styttingar og stóraukið umferðaröryggi.	+

4.6.1.1 Mótvægisáðgerðir

Tafla 4. Tillögur að mótvægisáðgerðum vegna lagningar veglínu G um Öxi og staðsetningar nýrra T-vegamóta Hringvegur um Berufjarðarbotn.

Umhverfisþættir	Tillögur að mótvægisáðgerðum
Landslag, jarðmyndanir og sjónræn áhrif	Leitast verður við því að takmarka framkvæmdasvæði eins og kostur er og fella vegi og brýr sem best að landi. Við framkvæmdir verður reynt að draga úr áhrifum framkvæmdanna, m.a. með því að lækka hönnunarhraða úr 90 km/klst í 70 km/klst á nokkrum stuttum köflum. Stuðlað verður að því að raska landi sem minnst, þannig að röskun takmarkist fyrst og fremst við vegstæðið og afmörkuð efnistökusvæði. Þá verður efni úr skeringum notað til vegagerðar til að draga úr efnistöku úr námum.
Gróðurfar	Til að draga úr áhrifum vegalagningar verður þess gætt að sem minnst rask verði á framkvæmdatíma og við frágang verði svæði sem raskast meðfram vegi grædd upp og votlendi endurheimt. Vegagerðin mun hafa samráð við Umhverfisstofnun, Djúpavogshrepp og landeigendur um að endurheimt verði votlendissvæði af samsvarandi stærð við þau sem raskast við framkvæmdina.
Fuglar og hreindýr	Til að halda áhrifum framkvæmdanna á fuglalíf í lágmarki verður reynt að skerða óraskað land sem minnst. Þá mun Vegagerðin í samstarfi við Náttúrustofu Austurlands setja upp viðvörðunarkerki á þeim stöðum þar sem mest hættu er á að árekstrum við hreindýr.
Vatnalíf og fiskistofnar	Reynt verður að skerða óraskað land sem minnst og aðgæslu verður gætt í hvívetna þar sem unnið er í grennd við ár. Sérstök skilyrði verða sett í útboðsgögnum er um aðgæslu við notkun olíu, hreinsiefna og annarra mengandi efna á svæðinum innan við 100 m fjarlægð frá ám. Efni í burðarlög og klæðningu, sem verður malað og þvegið, verður meðhöndlað þannig að gerð verður uppistaða til að grugg úr frárennsli frá malara náí að setjast sem mest áður en það rennur í ár.
Þjóðminjar	Þær tvær minjar sem taldar eru í mestri hættu vegna framkvæmdanna hafa verið staðsettar með GPS - mælingu og skráðar. Áður en framkvæmdir hefjast mun Vegagerðin í samráði við Minjavörð Austurlands fá fornleifafræðing til að ganga veglínuna þar sem hún liggur utan áður afmarkaðs rannsóknarsvæðis og kanna hvort þar leynist fornleifar. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis. Þá verður væntanlegum verktaka gerð grein fyrir fornminjum sem liggja innan 100 m frá veglínunni og verða þær fornminjar sem liggja innan 100 m frá veglínunni með veifum eða girða þær af með litaborðum áður en framkvæmdir hefjast.
Mengun	Á framkvæmdatíma munu framkvæmdir hafa í för með sér hávaða á svæðinu vegna sprenginga og efnisflutninga. Áhrif vegna ryks og hávaða á íbúa í nágrenni og útivistarfólk verði samt óveruleg, þar sem um tímabundin og staðbundin umhverfisáhrif er að ræða.

4.6.1.2 Núllkostur (veglína A)

Tafla 5. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna lagningar núllkosts sbr. Aðalskipulag Djúpvogshrepps 2008 - 2020.

Umhverfiþættir	Áhrif	Vægi
Landslag, jarðmyndanir og sjónræn áhrif	Framkvæmdin mun hafa veruleg staðbundin áhrif á landslag og jarðmyndanir í Berufjarðardal. Framkvæmdin mun hafa veruleg sjónræn áhrif í för með sér.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin geti haft nokkur áhrif á vistkerfi í Berufjarðardal.	-
Gróðurfar	Framkvæmdin mun raska svæðum með birkikjarri og fjalldrapamóa, sem og hluta ræktaðs landi og beitarlönd.	-
Fuglar og hreindýr	Framkvæmdin mun hafa nokkur áhrif á fuglalíf í Berufjarðardal. Dýralíf gæti orðið fyrir minniháttar áhrifum vegna vaxandi umferð vegna aukinnar árekstrarhættu.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Framkvæmdin mun hafa talsverð áhrif á vatnalíf í Berufjarðará.	-
Þjóðminjar	Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á þjóðminjar. Engar minjar eru taldar í stórhættu.	0
Samfélag og atvinnulíf	Framkvæmdin mun hafa nokkur neikvæð áhrif á ræktað svæði og beitarlönd bæja í Berufjarðardal. Framkvæmdin er hluti af miklum samgöngubótum sem ljóst er að munu hafa mjög jákvæð áhrif á samfélag, s.s. vöxt á sviði þjónustu og atvinnu auk fjölgunar íbúa.	- / +
Útivist og ferðaþjónusta	Þar sem framkvæmdin bætir aðgengi að svæðinu verulega má gera ráð fyrir talsverðum jákvæðum áhrifum á sviði útivistar og ferðaþjónustu. Framkvæmdin gæti haft nokkur áhrif á náttúruupplifun.	- / +
Samgöngur	Framkvæmdin mun bæta samgöngur mjög mikið.	+
Mengun	Framkvæmdin mun mögulega auka hávaða vegna aukinnar umferðar.	- / +
Heilsa og öryggi	Framkvæmdin mun bæta öryggi vegfarenda mjög mikið.	+
Önnur landnotkun	Framkvæmdin fer um landbúnaðarsvæði og kemur hún í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið sveitarstjórnar	Framkvæmdin fellur mjög vel að markmiðum sveitarstjórnar um uppbyggingu Axarvegar sem leiða af sér betri tengsl svæðisins við miðsvæði Austurlands vegna mikillar vegstyttingar og stórauðri umferðaröryggi.	+

4.6.1.3 Niðurstaða

Óháð vali á veglínunni G eða A er ljóst að framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á umhverfi Berufjarðardals og þá sérstaklega á landslag. Það er þó niðurstaða Vegagerðarinnar að veglína G hafi minni neikvæð áhrif í för með sér en veglína A. Er það m.a. vegna þess að veglínunni A fylgir mikil skering við fossinn í „Fálkagili“ en veglína G þverar Berufjarðardal talsvert ofan „Fálkagils“ og raskar því ekki umhverfi þess. Veglína G liggur hvergi um ræktað land, birkikjarr og fjalldrapamóa. Veglínunni raskar minna af fullgrónum svæðum en veglína A

en á móti raskar hún stærri votlendissvæðum. Þá hefur veglína G minni áhrif á fugla- og vatnalíf en veglína A. Veglína G mun liggja fjær íbúðarhúsum í Melshorni og Berufirði og mun því stuðla að betri hljóðvist en veglína A.

Til að vinna gegn neikvæðum áhrifum veglínunnar verður leitast við að fella hana sem best að landi. Lögð verður áhersla á að skerða óraskað land sem minnst, sýna aðgæslu þar sem unnið er í grennd við ár, græða upp svæði sem raskast og endurheimta votlendi. Þá verða fornminjar mældar og skráðar.

Sé litið til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, um eflingu byggðar, atvinnu, öryggis og tengsla við nærliggjandi sveitarfélög, er uppbygging Axarvegur lífsnauðsynleg fyrir samfélagið á svæðinu til framtíðar litið. Með breytingu á aðalskipulagi úr veglínu A í veglínu G vill sveitarstjórn draga úr neikvæðum áhrifum veglagningarinnar eins og kostur er.

4.6.2 Efnistaka

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er gert ráð fyrir sjö efnistökusvæðum á umræddu framkvæmdasvæði (námur N1 - N7). Í matsskýrslu¹³ kemur fram að auk þess að nýta þau efnistökusvæði í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði sem séu nú þegar opin, þurfi einnig að opna ný í grennd við Axarveg vegna framkvæmdarinnar. Í matsskýrslu eru í heild tilgreind 13 möguleg efnistökusvæði fyrir veglínur A, C, E eða F úr Berufjarðarbotni og upp á Öxi (A-7 - A-13, A-16, B-2 og C-1 - C3). Tafla 6 sýnir þau fimm efnistökusvæði sem tilgreind eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 (N1 - N5), auk þeirra átta sem við bætast skv. matsskýrslu. Að auki eru tilgreind í aðalskipulagi tvö efnistökusvæði (N6 og N7) í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði sem ekki er getið um í matsskýrslu en munu engu að síður vera áfram sýnd á aðalskipulagi.

Í kynningu að veglínu G kemur fram að efnistökusvæði hafi ekki verið endurskoðuð og mælir Vegagerðin¹⁴ með því að öll efnistökusvæðin sem sýnd voru í matsskýrslu og snúa að veglínunum A, C, E og F verði sýnd í breytingu á aðalskipulagi. Öll svæðin geta nýst fyrir leið G en hvaða svæði og hvert efnismagnið verður úr hverju þeirra mun ekki liggja fyrir fyrr en ítarlegri rannsóknir hafa farið fram. Umhverfisáhrif efnistöku munu vera háð staðsetningu, efnisþörf og frágangi að efnistöku lokinni.

Tafla 6 veitir yfirlit yfir efnistökusvæði sem koma til greina vegna gerðar veglínu G. Í töflu 7 eru áhrif efnistöku sýnd, í töflu 8 eru kynntar tillögur að mótvægisáðgerðum og í töflu 9 er sýndur samanburður í efnisþörf og efnistöku veglínu G og núllkosta.

¹³ Helga Aðalgeirsdóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Vegagerðin, mars 2011.

¹⁴ Vegagerðin. Tölvupóstur frá Guðmundi Heiðrekssyni dags. 11. júlí 2013.

Tafla 6. Yfirlit yfir möguleg efnistökusvæði í tengslum við lagningu veglínu G um Öxi og staðsetningu nýrra T-vegamáta Hringvegar um Berufjarðarbotn.

Heiti í ASK 2008 - 2020	Heiti	Efnisnotkun	Magn (þús. m ³)	Flatarmál alls (þús. m ²)	Staða	Jarðmyndun	Gróðurlendi	Verndargildi*
	A-7	Klæðning, burðarlög	110-160	33	Ný	Klöpp	Mosi	2. flokkur (hátt)
N4	A-8	N-burðarlag, fylling	30	24	Gömul/Ný	Áreyrar	Ógróið, starmói	2. flokkur (hátt)
N3	A-9	Fylling	6	3,5	Gömul	Skriðukeila	Ógróið, mosi	4. flokkur (lágt)
	A-10	Klæðning, burðarlög	110-140	14	Ný	Klöpp	Ógróið, mosi, flói	3. flokkur (meðal)
N5	A-11	Fylling	50	25	Gömul	Árkeila/ aurkeila	Ógróið, gras	4. flokkur (lágt)
N2	A-12	Burðarlög	90-100	70	Gömul/Ný	Áreyrar	Ógróið, gras	3. flokkur (meðal)
	A-13	Fylling	50-85	17	Ný	Klöpp	Mosi, ógróið	3. flokkur (meðal)
	A-16	Klæðning, burðarlög	70-90	8	Ný	Klöpp	Ógróið	3. flokkur (meðal)
	B-2	Burðarlög, rofvarnargrjót	82	8,2	Ný	Klöpp	Mosi, flói, ógróið	3. flokkur (meðal)
	C-1	N-burðarlag, fylling	70/45	21/15	Ný	Malarhjalli, skriður, klöpp	Mosi, lyngmói, ógróið	4. flokkur (lágt)
	C-2	N-burðarlag, fylling	50-70	10	Ný	Malarhjalli, skriður, klöpp	Mosi, ógróið	4. flokkur (lágt)
	C-2a	Fylling	62-70	21	Ný	Skriðukeila	Graslendi/mosi	3. flokkur (meðal)
N1	C-3	Fylling	10	3	Gömul	Skriðukeila	Ógróið	3. flokkur (meðal)

* Skv. verndargildisflokkun Vegagerðarinnar.

Tafla 7. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna efnistöku í tengslum við lagningu veglínu G um Öxi og staðsetningu nýrra T-vegamáta Hringvegjar um Berufjarðarbotn.

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag, jarðmyndanir og sjónræn áhrif	Efnistakan mun hafa töluverð staðbundin áhrif á landslag og jarðmyndanir í Berufjarðardal og sums staðar fela í sér mikil sjónræn áhrif.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að efnistakan geti haft nokkur áhrif á vistkerfi í Berufjarðardal.	-
Gróðurfar	Efnistakan hefur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fuglar og hreindýr	Efnistakan mun hafa nokkur áhrif á fuglalíf í Berufjarðardal.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Efnistakan getur haft neikvæð áhrif á vatnalíf og fiskistofna. Náma A-12 er nærri mikilvægu hrygningarsvæði bleikju í Berufjarðará.	-
Þjóðminjar	Efnistakan getur staðbundin áhrif á þjóðminjar. Tóft af smalakofa (SM-215:012) mun lenda rétt utan námu A-16.	-
Samfélag og atvinnulíf	Efnistakan mun hafa óveruleg áhrif á þau landbúnaðarsvæði í botni Berufjarðar. Efnistakan er hluti af miklum samgönguframkvæmdum sem ljóst er að munu hafa verulega jákvæð áhrif á samfélag, s.s. vöxt á sviði þjónustu og atvinnu auk fjölgunar íbúa.	0 / +
Útivist og ferðaþjónusta	Efnistakan gæti haft nokkur áhrif á náttúruupplifun.	- / +
Samgöngur	Efnistakan er hluti af miklum samgönguframkvæmdum.	+
Mengun	Efnistakan mun auka nokkuð hávaða á framkvæmdatíma. Loftmengun mun að sama skapi aukast í næsta nágrenni við efnistökusvæði.	-
Heilsa og öryggi	Efnistakan er hluti af framkvæmdum sem munu auka mjög mikið öryggi vegfarenda.	+
Önnur landnotkun	Efnistakan fer fram á landbúnaðarsvæði en þarf ekki að koma í veg fyrir aðra landnotkun.	- / ?
Markmið sveitarstjórnar	Efnistakan fellur vel að markmiðum sveitarstjórnar er lúta að bættum samgöngum og auknu umferðaröryggi í sveitarfélaginu.	+

4.6.2.1 Mótvægisáðgerðir

Tafla 8. Tillögur að mótvægisáðgerðum efnistöku í tengslum vegna efnistöku í tengslum við lagningu veglínu G um Öxi og staðsetningu nýrra T-vegamáta Hringvegjar um Berufjarðarbotn.

Umhverfisþættir	Tillaga að mótvægisáðgerðum
Landslag, jarðmyndanir og sjónræn áhrif	Efnistökusvæði verða staðsett þannig að hægt sé að fella þau sem best að landi að efnistöku lokinni. Þá verður leitast við því að takmarka framkvæmdasvæði eins og kostur er. Efni úr skeringum verður notað til vegagerðar í því skyni að draga úr efnistöku á efnistökusvæðum.
Gróðurfar	Til að draga úr áhrifum efnistöku verður þess gætt að sem minnst rask verði á framkvæmdatíma og við frágang verði svæði sem raskast grædd upp.
Fuglar og hreindýr	Til að halda áhrifum framkvæmdanna á fuglalíf í lágmarki verður reynt að skerða óraskað land sem minnst.
Vatnalíf og fiskistofnar	Reynt verður að skerða óraskað land sem minnst og aðgæslu verður í hvívetna þar sem unnið er í grennd við ár. Sérstök skilyrði verða sett í útboðsgögnum er um aðgæslu við notkun olíu, hreinsiefna og annarra mengandi efna á svæðinum innan við 100 m fjarlægð frá ám. Efni í burðarlög og klæðningu, sem verður malað og þvegið, verður meðhöndlað þannig að gerð verður uppistaða til að grugg úr frárennsli frá malara náí að setjast sem mest áður en það rennur í ár. Efnistaka úr námu A-12 verður unnin í samráði við Veiðimálastofnun en framkvæmdinni verður þannig háttað að hún hafi ekki áhrif á Berufjarðará.
Þjóðminjar	Merkja þarf tóft (SM-215:012) til að koma í veg fyrir að hún raskist á framkvæmdatíma. Verður slíkt gert í samráði við Fornleifavernd ríkisins.
Mengun	Á framkvæmdatíma munu framkvæmdir hafa í för með sér hávaða á svæðinu vegna sprenginga og efnisflutninga. Áhrif vegna ryks og hávaða á íbúa í nágrenni og útvistarfólk verði samt óveruleg, þar sem um tímabundin og staðbundin umhverfisáhrif er að ræða.

4.6.1.3 Samanburður á veglínu G og núllkosti (veglínu A)

Þar sem endanlegt val á efnistökusvæðum og það hversu mikið magn efnis verður tekið af hverju svæði liggur ekki fyrir af hálfu Vegagerðarinnar, er hægt að fjalla um áhrif núllkosti sérstaklega. Í kynningu á veglínu G kemur þó fram að efnisþörf og efnistaka sé meiri í tengslum við lagningu á veglínu G heldur en við lagningu núllkosti (veglínu A). Helstu magntölur eru sýndar í töflu 9.

Tafla 9. Helstu magntölur (í þús. m³) veglínu G, frá stöð 18400. Magntölur veglínu A eru hafðar til samanburðar.

	Veglína G	Veglína A
Efnisþörf		
Fyllingar	505	441
Burðarlag	77	54
Samtals	582	495
Efnistaka		
Efnisþörf úr efnistökusvæðum	55	62
Skeringar með vegi	638	557
Samtals	693	619

4.6.1.4 Niðurstaða

Í aðalskipulagsbreytingunni er því gert ráð fyrir átta efnistökusvæðum á framkvæmdasvæðinu til viðbótar við þau sjö sem sýnd eru á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Utan tveggja geta öll efnistökusvæðin nýst við lagningu veglínu G.

Efnistakan mun hafa nokkur neikvæð áhrif á landslag, jarðmyndanir, vistkerfi og gróðurfar í Berufjarðardal. Þá mun hún einnig hafa lítilsháttar áhrif á fuglalíf, vatnalíf og fiskistofna. Þá mun hún hafa minniháttar áhrif á þjóðminjar og auka hávaða og loftmengun á framkvæmdatíma.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum efnistöku verða efnistökusvæði láatin falla vel að landi og þau takmörkuð eins og kostur er. Gætt verður að því að raska fugla- og vatnalífi eins lítið og kostur er. Þjóðminjar verða merktar til að forðast að þær raskist.

Vegna stefnu sveitarfélagsins um víðtæka verndun náttúru og þjóðminja, leggur sveitarstjórn mikla áherslu á að vandað sé vel til verka við efnistöku og að gengið sé frá námum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt að kostur er eftir að efnistöku er lokið.

4.6.3 Heildarniðurstaða

Ljóst þykir að fyrirhuguð lagning Axarvegur mun hafa neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Það er þó niðurstaða þessa mats að sú tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem hér er kynnt muni vera til þess fallin að draga nokkuð úr neikvæðum áhrifum. Má í því sambandi nefna að breytingin felur í sér að Fálkagili og umhverfi þess verður ekki raskað líkt og gildandi tillaga gerir ráð fyrir og dregið er úr neikvæðum áhrifum á ræktarlönd, gróið land, fugla- og vatnalíf.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar leggur sveitarstjórn á það ríka áherslu að framkvæmdir fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt og frágangur sé í fullu samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

5. Greinargerð sveitarstjórnar skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Verður rituð að auglýsingaferli loknu.